

Jafnréttisáætlun Kópavogsbæjar

Um stefnuna

Í Kópavogi býr fjölbreyttur hópur fólks með ólíkan bakgrunn. Tilgangur þessarar stefnu er að öll fái notið mannréttinda og hafi tækifæri til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Einnig að þessi stefna verði leiðbeinandi fyrir svið og stofnanir bæjarins hvað varðar jafnrétti og mannréttindi. Í þessari stefnu er sérstaklega vakin athygli á málefnum minnihlutahópa sem og málefnum barna og aldraðra.

Stefnuáherslurnar eru fjórar;

- Jafnrétti og mannréttindi
- Menntun, tómstundir og atvinna
- Aðgengi
- Fjölbreytt samfélag og inngilding

Jafnréttis- og mannréttindaáætlunin er unnin með Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Sérstök áhersla var lögð á eftirfarandi heimsmarkmið;

3. Heilsa og vellíðan
4. Menntun fyrir alla
5. Jafnrétti kynjanna
8. Góð atvinna og hagvöxtur
9. Nýsköpun og innviðir
10. Aukinn jöfnuður

Jafnrétti og mannréttindi

- Öll eiga að hafa jafnt aðgengi og jafnan rétt á þjónustu bæjarins óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og kyntjáningu.
- Huga þarf sérstaklega að einstaklingum í viðkvæmri stöðu og jaðarsettum hópum. Tryggja skal aðgengi þeirra að þjónustu bæjarins.



Menntun, tómstundir og atvinna

- Tryggja fötluðum börnum og börnum með sérþarfir aðgengi að viðeigandi þjónustu hjá menntastofnunum.
- Öll börn eiga að hafa möguleika á þátttöku til skipulagðs tómstunda- og sumarstarfs óháð fötlun eða öðrum áskorunum.



- Fólk af erlendum uppruna sé hvatt til að nýta þjónustu bæjarins, sér í lagi barnafjölskyldur.
- Félags- og þjónustumiðstöðvar eldri borgara bjóði upp á tómstundastarf sem henti þeim fjölbreytta hópi sem eldri borgarar bæjarins eru.
- Auka fjölbreytileika í atvinnulífi bæjarins og fjölga hlutastörfum. Öll hafi kost á að leggja sitt af mörkum þó einstaklingar búi við skerta starfsgetu.

Aðgengi

- Upplýsingagjöf á vegum bæjarins, þar á meðal vefsíða, eyðublöð og annað útgefið efni, sé öllum aðgengileg óháð tungumálakunnáttu, fötlunar eða annarra áskoranna.
- Íbúar bæjarins hafi aðgang að þjónustu sem hvetur til sjálfstæðrar búsetu og mæti þörfum íbúa.
- Tryggja aðgengi fatlaðra að opinberum stofnunum bæjarins



Fjölbreytt samfélag og inngilding

- Auka hinsegin fræðslu hjá stofnunum bæjarins.
- Efla færni eldri íbúa til þátttöku í stafrænum heimi.
- Stuðla að inngildingu íbúa af erlendum uppruna og íbúa sem hafa glímt við jaðarsetningu.

